



**Ungmennasamband Kjalarnesþings**

# **ÞINGGERÐ**

**60. ÁRSPING**

**Í FÉLAGSHEIMILI KÓPAVOGS  
12. JANÚAR 1984**

60. ÁRSÞING UMSK.

Haldið í Félagsheimili Kópavogs þann 12. febrúar 1984.

- I. kl. 10.00. Þingfulltrúar og gestir komnir á staðinn, þáðu kaffi, litu yfir myndarlega ársskýrslu UMSK fyrir liðið starfsár og stungu saman nefjum.

Formaður UMSK Kristján Sveinbjörnsson setti þingið kl. 10.15 og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna. Í setningarræðu formanns kom m.a. fram að starfsemi sambandsins hafi gengið vel á undanfögnu starfsári.

Gestir þingsins voru: Sveinn Björnsson, Hermann Guðmundsson, Pálmi Gíslason, Sigurður Geirdal, Reynir Karlsson, Niels Árni Lund og Axel Jónsson.

- II. Næsta mál á dagskrá var kosning starfsmanna þingsins.

Fyrsti þingforseti var kjörinn Jón Ármann Héðinsson og annar þingforseti Páll Aðalsteinsson.

Þingritarar voru kjörnir þeir Albert H.N. Valdimarsson HK og Einar Sveinn Árnason framkv.stj. UMSK.

Í kjörbréfanefnd voru kosnir: Margrét Bjarnadóttir Gerplu, Guðmundur Davíðsson Umf. Dreng og Katrín Gunnarsdóttir Umf. Stjörnunni.

- III. Ávörp gesta voru næst á dagskrá.

Fyrstur tók til máls Sveinn Björnsson forseti ÍSÍ. Flutti hann kveðju og árnadaróskir frá ÍSÍ. Hann lofði myndarlega skýrslu UMSK '83 - '84.

Hann sagði að vel væri á fjármálum haldið hjá UMSK. Það sýndu reikningar félagsins. Þetta væri vel gert á erfiðum tímum. Getraunir eru stór liður í fjáröflun íþróttahreyfingarinnar en gæfu þó ekki nærri nóg. Hann sagði frá svokölluðu "lotto" sem væri orðið vinsælt víða í Evrópu.

Hann taldi að íþróttahreyfingin þyrfti á næstunni að ákveða hvort á að fara út í "lotto" hér á landi.

Hann sagði frá nýbyggingu íþróttahreyfingarinnar í Laugardal. Þar eiga öll héraðs- og íþróttasambönd inni auk sérsambanda. Sveinn taldi að íþróttahreyfingin þyrfti að fá meira fjármagn frá því opinbera. Einnig fjallaði hann um nýja samninga milli ÍSÍ og Flugleída, vonaðist hann eftir því að enn betri samningar næðust en nú eru. Að lokum þakkaði Sveinn boðið á þingið.

Næstur tók til máls formaður UMFÍ Pálmi Gíslason og flutti hann kveðjur frá UMFÍ og óskir um gott þing. Hann lýsti yfir ánægju með starf UMSK svo og fréttabréf UMSK. Hann ræddi nokkuð um "Gaukinn", og taldi þessa framkvæmd

báðum héraðssamböndum til sóma. Pálmi fjalladi um landsmót UMFÍ í sumar. Stórt mál alla tíð og minnti á að UMSK hafi ávallt vandað til þátttöku á landsmótum UMFÍ, og hafi orð á sér fyrir samstilltan og lífsglaðan hóp heilbrigðra ungmenna. Einnig minnti Pálmi þingheim á Sögu UMFÍ í 75 ár, myndarlegt framtak UMFÍ, en sala bókarinnar þarf að ganga betur, skoraði hann á UMSK að standa sig í því máli.

Pálmi taldi UMFÍ þurfa á stærra húsnæði að halda og möguleikar væru á stærra í Mjölnisholti 14. Þrastaskógur og hlutur UMSK þar ásamt átaki í skógrækt og gróðursetning á vegum ungmennahreyfingarinnar bar líka á góma í ræðu Pálma. Að lokum þakkadi hann fyrir gott samstarf á liðnum árum og óskadi UMSK allra heilla á komandi árum.

Reynir Karlsson íþróttafulltrúi ríkisins tók næstur til máls og flutti kveðjur frá ráðuneytinu. Minntist þróttmikils starfs hjá UMSK og lýsi yfir ánægju sinni með mikla drift í byggingu íþróttamannvirkja á svæði UMSK nú síðustu árin. Taldi hann það merki um stórhug, bæði hjá sveitarfélögum og íþróttafélögum. Hann færði UMSK svo árnadaróskir.

Næstur gesta tók til máls Axel Jónsson mikill afreksmaður, í starfi UMSK gegnum ótalmörg ár.

Lýsti hann ánægju sinni með það að vera nættur á 60. þing UMSK og þakkadi sérstaklega fyrir fréttabréfið. Axel sagði frá ýmsu í sögu UMSK, m.a. það að UMSK hefði verið fyrsta héraðssambandið til að klæða þátttakendur sína í samskonar keppnisbúninga. Einnig sagði hann frá landsmóti UMFÍ á Þingvöllum 1957 og fleiri atburðum frá liðnum tímum. Axel hvatti til glæsilegrar þátttöku UMSK á landsmóti UMFÍ í Keflavík/Njarðvík í sumar. Að lokum taldi Axel kjörið að UMSK héldi landsmót UMFÍ 1991.

Niels Árni Lund æskulýðsfulltrúi ríkisins tók næstur til máls og flutti kveðjur frá Æskulýðsráði ríkisins og sérstaklega formanni þess, Guðmundi Guðmundssyni. Hann taldi vera gott samstarf milli íþróttahreyfingarinnar og Æskulýðsráðs ríkisins eins og vera ber. Því miður er Æskulýðsráð í fjárhagslegu svelt, en samt sem áður eru mörg járn í eldinum, og þyrfti starfið að vera mun umfangsmeira bæði á vegum íþrótt- og ungmennahreyfingarinnar svo og á vegum fjöldamargra annarra félagslegra stofnana í landinu sem starfa í þágu unga fólksins.

Niels minntist sérstaklega á að nú er fíkniefnamálið stórmál, en þar er botnlaust og afar alv rlegt vandamál sem við verðum að huga að. Að lokum færði hann UMSK heillaóskir.

IV. Næsta mál á dagskrá var álit kjörbréfanefndar.

Alls áttu 62 fulltrúar rétt til setu á þinginu frá 16 aðildarfélögum sambandsins. Kjörbréf bárust frá eftirtöldum félögum. Umf. Aftureldingu, Umf. Stjórnunni, Íþróttafélagi Kópavogs, Umf. Bessastadahrepps, Umf. Breiðablik, Íþróttafélaginu Gerplu, Umf. Kjalnesinga, Umf. Dreng, Handknattleiksfélagi Kópavogs og Íþróttafélaginu Hlyni.

Voru kjörbréfin samþykkt að tillögu kjörbréfanefndar.

Eftirtaldir fulltrúar voru mættir á þingið og las Margrét Bjarnadóttir upp nöfn þeirra.

Frá Umf. Aftureldingu.

(rétt til þingsetu 5).

Hlynur Árnason.  
Jónína Ármannsdóttir.  
Páll Adalsteinsson.

Íþróttafélag Kópavogs.

(rétt til þingsetu 4).

Eggert Jóhannsson.  
Grétar Bergsson.

Umf. Bessastadahrepps.

(rétt til þingsetu 2).

Linda Björk Lýðsdóttir.  
Kristín Hildimundardóttir.

Íþróttafélagið Gerpla.

(rétt til þingsetu 8).

Sigurður Magnússon.  
Elsa Jónsdóttir.  
Ingimundur Magnússon.  
Sigmar H. Sigurðsson.  
Margrét Bjarnadóttir.  
Agnes Agnarsdóttir.  
Sólveig Friðriksdóttir.  
Valdimar Czizmovski.

Umf. Drengur.

(rétt til þingsetu 3).

Guðmundur Davíðsson.  
Gunnar Leó Helgason.  
Valdís Magnúsdóttir.

Umf. Stjarnan.

(rétt til þingsetu 6).

Axel Kvaran.  
Katrín Gunnarsdóttir.  
Jóhann Ragnarsson  
Jóhannes Sveinbjörnsson.

Handknattleiksfélag Kópavogs.

(rétt til þingsetu 6).

Albert H.N. Valdimarsson.

Umf. Breiðablik.

(rétt til þingsetu 9).

Jóhann H Jónsson.  
Ester Jónsdóttir.  
Lúðvík Björgvinsson.  
Einar Sigurðsson.  
Einar Gunnarsson.  
Jón Ingi Ragnarsson.  
Helga Jóhannsdóttir.  
Þorbergur Karlsson.

Umf. Kjalnesinga.

(rétt til þingsetu 3).

Kristinn Gylfi Jónsson.  
Magnea Ferdinandsdóttir.  
Ingibjörg Pálsdóttir.

Íþróttafélagið Hlynur.

(rétt til þingsetu 4).

Kristján Sigmundsson.  
Árni Már Björnsson.  
Bryndís Arnadóttir.

Samkvæmt 6. grein laga UMSK hafa stjórnarmenn sambandsins einnig atkvæðisrétt á þinginu þó þeir séu ekki kjörnir fulltrúar.

Eftirtaldir stjórnarmenn voru mættir:

Kristján Sveinbjörnsson  
Sveinn Jóhannsson.  
Jóhannes Sveinbjörnsson.

Úr varastjórn: Páll Adalsteinsson.  
Kristinn Gylfi Jónsson.

V. Að loknu álitum kjörbréfanefndar var flutt skýrsla stjórnar og sérráða

Kristján Sveinbjörnsson formaður flutti skýrslu stjórnar, en hún lá einnig fjölfölduð fyrir þinginu.

Einar Sveinn Árnason framkvæmdastjóri las upp reikninga sambandsins.

Niðurstöður rekstrarreiknings voru kr. 462.056,- og tekjur umfram gjöld kr. 191.350,-.

Niðurstöður efnahagsreiknings voru kr. 228.896,-.

Reikningar lágu fyrir fjölfaldaðir sem hluti af skýrslu stjórnar og undirritaðir af Steinþóri Pálssyni endurskoðanda sambandsins.

Einnig flutti Einar Sveinn skýrslu eftirtalinna sérráða: Badmintonráðs, Handknattleiksráðs, Karateráðs og Sundráðs.

Einar Sigurðsson flutti skýrslu Frjálsíþróttaráðs.

Jóhannes Sveinbjörnsson flutti skýrslu Knattspyrnuráðs.

Skýrslur sérráða lágu einnig fyrir fjölfaldaðar sem hluti af skýrslu stjórnar.

VI. Þingforseti bauð Kristján Guðmundsson bæjarstjóra Kópavogs velkominn á þingið og gaf síðan orðið laust um skýrslu stjórnar og reikninga.

Jón Ármann Héðinsson þingforseti notaði tækifærið og þakkaði forustumönnum UMSK mikið og gott starf á liðnu starfsári.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs og var gert matarhlé.

VII. Þingfulltrúar og gestir þágu hádegisverð í boði Bæjarstjórnar Kópavogs.

Jón Ármann Héðinsson kvaddi sér hljóðs undir borðhaldinu og þakkaði Bæjarstjórn Kópavogs fyrir hönd viðstaddra.

Þá tók Kristján Guðmundsson bæjarstjóri til máls og ræddi aðallega um hina hröðu uppbyggingu í Kópavogi og þá ekki síst varðandi íþróttamannvirki síðustu árin. Að lokum afhendti hann UMSK Sögu Kópavogs frá 1935 - '55 sem Kristján Sveinbjörnsson þáði fyrir hönd sambandsins.

Ad þessu loknu fór fram afhending Félagsmálaskjaldar UMSK.

Albert H.N. Valdimarsson blakdeild HK var sændur titlinum Félagsmálamaður UMSK 1983 og tók hann við skyldinum frá Kristjáni Sveinbjörnssyni form., en handhafi skjaldarins á sídasta ári var Páll Aðalsteinsson og Margrét Bjarnadóttir Gerplu árið 1981. Öll þrjú fengu sérstakan grip til eignar í þessu tilefni.

Ad þessu loknu lýsti Kristján Sveinbjörnsson form. yfir vali á Afreksmanni UMSK 1983. Ad þessu sinni varð fyrir valinu Kristín Gísladóttir fimleikakona úr Gerplu og veitti hún veglegum bikar viðtöku sem gefinn var af ÍSÍ í til-efni 60. ára afmælis UMSK. Auk þess fékk Kristín verðlaunapening sem á var lettrað " Afreksmaður UMSK 1983 ".

Þá kvaddi Pálmi Gíslason sér hljóðs og kvadst ætla ad sama tvo stjórnar-menn úr UMSK. Kristján Sveinbjörnsson starfsmerki UMFÍ og Pál Aðalsteinsson gullmerki UMFÍ. Var þessum sóma sem þeim var sýndur af UMFÍ vel tekið af viðstöddum.

VIII. Ad loknu matarhléi var framhaldið umræðum um skýrslu stjórna og fundarmenn röðuðu sér niður í starfsnefndir.

Jóhann H Jónsson kvaddi sér hljóðs og þakkaði góða skýrslu og lýsti ánægju sinni með bættan fjárhag sambandsins. Einnig þakkaði hann góð störf sambandsins á liðnu starfsári.

Jóhann gerði fyrirspurn á leiðréttingu á höfuðstól í efnahagsreikningi. Kristján Sveinbjörnsson svaraði fyrirspurn lauslega.

Þá bar þingforseti fram reikninga sambandsins til staðfestingarog voru þeir samþykktir samhljóða.

IX. Fundarmenn höfðu rætt sér niður í nefndir en þær voru; Fræðslu og útbreidslu-nefnd, Íþróttanefnd, Fjárhagsnefnd, Allsherjarnefnd og Kjörnefnd.

Eftirtaldir tillögur frástjórn lágu fyrir þinginu og var þeim vísað til nefnda eftir því sem hér segir:

Tillaga 1.

60. ársþing UMSK ..... þakkar sveitarstjórnun og sýslunefnd fyrir veittan stuðning síðustu ár og leggur til við sveitarfélögin að þau miði framlag sitt til UMSK 1985 við íbúafjölda kr. 12,- á íbúa.

Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Tillaga 2.

60. ársþing UMSK..... samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði kr. 20,- á hvern gjaldskyldan félagi 1983.

Tillögunni vísað til fjárhagsnefndar.

Tillaga 3.

60. ársþing UMSK..... samþykkir að plantað verði a.m.k. einni plöntu á hvern félagi í UMSK, í samráði við skógræktarfélag á viðkomandi svæði.

Greinargerð: Á síðast liðnu ári var samþykkt að gert yrði áttak í skógrækt á vegum ungmennafélaganna í þá veru að gróðursett yrði ein planta á félagi ungmennafélagshreyfingarinnar.

Tillögunni vísað til útbreiðslunefndar.

Tillaga 4.

60 ársþing UMSK ..... samþykkir að helga Göngudag fjölskyldunnar á þessu árifriði milli þjóða.

Greinargerð:

Á síðast liðnu ári var samþykkt á 33. þingi UMFÍ að Göngudagur fjölskyldunnar 1984 verði helgaður friði milli þjóða. Fyrirhugað er að Göngudagur fjölskyldunnar verði 9. júní.

Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Tillaga 5.

60. ársþing UMSK ..... samþykkir að halda áfram samvinnu við HSK um samkomuna um verslunarmannahelgina sem hlotið hefur nafnið " Gaukurinn ".

Greinargerð:

Á síðasta sumri var farið út í samstarf við HSK um að halda samkomu um verslunarmannahelgina til fjáröflunar starfsemi sambandanna. Það er ljóst að þessi samkoma gerði UMSK kleift að halda starfseminni gangandi og um leið að bjóða einu aðildarfélaganna góða fjáröflunarleið.

Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Tillaga 6.

60. ársþing UMSK ..... samþykkir að stefna áfram að því að landsmót UMFÍ verði haldið á svæði UMSK, nánar tiltekið í Mosfellssveit.

Tillögunni vísað til íþróttanefndar.

Tillaga 7.

60. ársþing UMSK ..... samþykkir a) að gert verði verulegt átak í félagsmálafræðslu á sambandssvæðinu. b) að endurskoda námstilhögun félagsmálafræðslu sambandsins.

Greinargerð:

Dörf fyrir félagsmálafræðslu er mikil, en hún virðist ekki ná til framkvæmda- aðila félaganna.

Tillögunni vísað til fræðslunefndar.

Tillaga 8.

60. ársþing UMSK ..... samþykkir að hvetja aðildarfélögin til að sinna betur skipulagningu og sölu getraunaseðla.

Greinargerð:

Ljóst er að getraunasala er, ef vel er á haldið ein besta fjáröflunarleið fél- aganna.

Dæmi:

Breidablik hefur í söluaun 231.016,50 kr. 1982 - 1983. Þessi upphæð er svipuð þeirri upphæð sem félagið fékk í styrk á síðasta ári úr bæjarsjóði Kógavogs.

Tillögunni vísað til fræðslunefndar.

Þegar stjórnin hafði lagt fram sínar tillögur, kvaddi Niels Árni Lund æskulýðsfulltrúi ríkisins sér hljóðs. Hann gerði grein fyrir nefndarstörfum til undirbúnings verkefna undir nafni " Ár æskunnar " (1985). Hann vonaðist eftir mikilli þátttöku ungmennafélaganna í landinu, í verkefnum undir þessu nafni. Hann óskadi þess að þingið fjallaði um þetta mál og dreifði bæklingi til fundar- manna til frekari skýringa á þessu alþjóðaverkefni. (Ár æskunnar 1985)

Þá kvaddi Eggert Jóhannesson sér hljóðs og bar fram tvær tillögur. Sú fyrri hljóðadi svo:

60. ársþing UMSK ..... samþykkir að stjórn UMSK beiti sér fyrir minni knattspyrnumóti kvenna að vori og hausti í fjórum aldursflokkum



Aldursskipting skal vera eftirfarandi:

Mfl. 16 ára og eldri.

2. fl. á því ári sem þær verða 15 ára.

3. fl. á því ári sem þær eru 13 - 14 ára.

4. fl. á því ári sem þær eru 12 ára.

5. fl. 11 ára og yngri.

Leikið skal í 7 manna liðum og á grasi ef við verður komið. Stærð vallar skal vera sú sama og í minni knattspyrnu. Hverju liði sé leyft að senda eins mörg lið og þau vilja.

Greinargerð:

Auka þarf áhuga kvenna á knattspyrnu með því að hafa sérstök mót þar sem smærri hópar mætast. Með því móti gerum við félögum sem eru að hefja þessa starfsemi auðveldara með að taka þátt.

Tillögunni vísað til íþróttanefndar.

Síðari tillaga Eggerts Jóhannessonar hljóðar svo :

60. ársþing UMSK ..... stuðli að skipan nefndar sem kanni hvernig íþróttafélög í viðkomandi sveitarfélögum og bæjar/sveitastjórnir ásamt skólayfirvöldum geti nýtt betur húsnæði og tækjakost sem fyrir hendi er. Til þess að samhæfa sem best notkun á mannvirkjum fyrir íþrótt og æskulýðsmál.

Tillögunni var vísað til fræðslu og útbreiðslunefndar.

Ekki voru fleri tillögur lagðar fyrir þingið.

Áður en gengið var til nefndastarfa lagði Einar Sveinn drög að hvað nefndir legðu áherslu á í störfum sínum. Kom þar m.a. fram auk tillagna: Skrifstofa og starfsaðstada UMSK, fréttabréf UMSK, UMSK blað, ráðstefna um ungmenna og æskulýðsstörf, útbreiðslu og fræðslustörf, fjárhagsáætlun, fjáröflunarleiðir.

X. Þingforseti kom nefndum fyrir og hófu þær störf um kl. 14.30. og störfuðu að kaffihléi kl. 16.00.

Íþróttafélagið Gerpla bauð til kaffiveitinga.

Páll Adalsteinsson tók til máls og þakkadi Gerplu fyrir góðar veitingar.

XI. Að loknu kaffihléi skiluðu nefndir þingsins álit.

A. Álit fræðslu og útbreiðslunefndar. Framsögumaður var Kristinn Gylfi Jónsson. Fræðslu og útbreiðslunefnd lagði fram eftirfarandi tillögur:

Tillaga 1. (3. tillaga stjórnar UMSK).

60. ársþing UMSK samþykkir að plantað verði a.m.k. einni plöntu á hvern félagi í UMSK í samráði við skógræktarfélag á viðkomandi svæði.

Víðauki frá nefndinni:

Framkvæmdastjóra UMSK verði falið að framfylgja þessari samþykkt með því að studla að samstarfi milli ungmennafélaga og skógræktarfélaga í hverju bæjar og sveitafélagi fyrir sig.

Tillaga 2. (tillaga frá Eggerti Jóhannessyni).

60. ársþing UMSK samþykkir að stjórn UMSK studli að skipan nefnda í viðkomandi sveitafélögum, sem kanni hvernig íþróttafélög og bæjarstjórnir ásamt skólayfirvöldum geti nýtt betur húsnæði og tækjakost sem fyrir hendi er til þess að samþæfa sem best notkun á mannvirkjum fyrir íþróttir og æskulýðsmál.

Tillaga 3. (7. tillaga frá stjórn UMSK).

60. ársþing UMSK samþykkir

a) að gert verði verulegt átak í félagsmálafræðslu á sambandssvæðinu.

b) að endurskoda námstilhögun á félagsmálafræðslu sambandsins.

c) (viðbótartillaga frá nefndinni)

að reynt verði að gera félagsmálanámskeiðin áhugaverðari fyrir þátttakendur með því t.d. að halda námskeið í formi dags eða helgarferða út á land.

Greinargerð:

Þörf fyrir félagsmálafræðslu er mikil, en hún virðist ekki ná til framkvæmdaðila félaganna.

Greinargerð frá nefndinni með c lið, nefndarmenn töldu að þörf væri á að gera þyrfti félagsmálanámskeiðin áhugaverðari og töldu að helgar og dagsferðir út á land gæti virkað sem hvati.

Að lokum töldu nefndarmenn að gefa ætti fréttabréfið út eftir því sem efni er fyrir hendi.

Þá var orðið gefið laust til umræðna um þessar tillögur.

Einar Sveinn tók til máls og ræddi aðallega um fréttabréfið, þar sem hann hvatti félagsmenn til þess að þeir kæmu efni á framfæri í það. Einnig ræddi hann um félagsmálafræðsluna og sagðist hafa orðið var við þörf á félagsmálafræðslu, en einhverrahluta vegna eru menn ekki tilbúnir til þess að sækja námskeiðin, lýsti hann sig fylgjandi þeirri hugmynd að halda þessi námskeið út á landi.

Fleiri tóku ekki til máls. Bar þá þingforseti upp hverja tillögu fyrir sig og voru þær allar samþykktar samhljóða.

B. Álit allsherjarnefndar. Framsögumaður var Guðmundur Davidsson.

Tillaga 4. ( 1. tillaga frá stjórn UMSK).

60. ársþing UMSK ..... þakkar sveitastjórnun og sýslunefnd fyrir veittan stuðning síðustu ár og leggur til við sveitarfélögin að þau mudi framlag sitt til UMSK 1985 við íbúafjölda, 12,- kr. á íbúa.

Tillaga 5. (4. tillaga frá stjórn UMSK).

Þessi tillaga varð fyrir breytingum í meðförum nefndarinnar. Fellt er úr upphaflegri tillögu " helga Göngudag fjölskyldunnar á þessu ári frídi milli þjóða ". Frá nefndinni hljóðaði tillagan svo:

60. ársþing UMSK ..... samþykkir að Göngudagur fjölskyldunnar verði 9. júní 1984.

Greinargerð:

Nefndin taldi varasamt að helga Göngudag fjölskyldunnar ákveðnu kjörordi.

Tillaga 6. ( 5. tillaga frá stjórn UMSK).

60. ársþing UMSK ..... samþykkir að halda áfram samvinnu við HSK um samkomu um verslunarmannahelgina sem hlotið hefur nafnið " Gaukurinn ".

Greinargerð:

Á síðast liðnu sumri var farið út í samstarf við HSK um að halda samkomu um verslunarmannahelgina til fjáröflunar starfsemi sambandanna. Það er ljóst að þessi samkoma gerði UMSK kleift að halda starfseminni gangandi og um leið að bjóða einu aðildarfélaganna góða fjáröflunarleið.

Tillaga 7. (kom frá nefndinni).

60. ársþing UMSK samþykkir að stjórn UMSK biði átekta með að fá nýtt skrifstofuhúsnæði, einnig hvetur þingið UMFÍ að ná samkomulagi um kaup húsnæðisins að Mjólnisholti 14, Reykjavík.

Greinargerð:

Komið hefur fram að UMFÍ leitar eftir að fá keyptan hluta 3. hæðar að Mjólnisholti 14, enda kæmi til greina að UMSK fengi að vera áfram.

Ályktun.

60. ársþing UMSK..... ályktar að aðildarfélögin vinni að og vekji athygli á markmiðum Alþjóðaárs æskunnar eins og fekast er unnt.

Orðið var gefið laust til umræðna um þessar tillögur. Enginn kvaddi sér hljóðs

og voru þær þá bornar undir atkvæði hver fyrir sig.

Tillaga 4 var samþykkt samhljóða.  
Tillaga 5 var samþykkt með 2 mótatkvæðum.  
Tillögur 6 og 7 voru samþykktar samhljóða.  
Ályktun nefndarinnar var samþykkt samhljóða.

C. Álit ípróttanefndar.

Tillaga 8. (frá nefndinni).

60. ársþing UMSK ..... beinir því til stjórnar UMSK að farin verði æfing-  
ferð fyrir væntanlega keppendur á landsmóti. Ferð þessi verði farin síðustu  
helgina í júní.

Greinargerð:

Naudsynlegt er að gera eitthvað til að þetta keppnishópurinn, til að hópurinn  
komi sem samstilltastur til leiks á næsta landsmóti.

Tillaga 9. (frá nefnd).

60. ársþing UMSK..... beinir því til stjórnar UMSK að hún útbúi sem fyrst  
starfsgrundvöll fyrir sérráðin með tilliti til ábyrgðar og framkvæmd móta.  
Einnig að stjórn UMSK stilli upp sérráðum.

Tillaga 10. (6. tillaga frá stjórn UMSK).

Nefndin lagði til þá breytingu á tillögunni eins og hún kom frá stjórn að  
fella út " nánar tiltekið í Mosfellssveit ".

Hljóðaði tillagan þá þannig frá nefndinni:

60. ársþing UMSK..... samþykkir að stefna áfram að því að landsmót UMFÍ  
verði haldið á svæði UMSK.

Tillaga 11. (frá nefnd).

60. ársþing UMSK skorar á stjórn UMSK að taka 18. landsmót UMFÍ næsta sumar  
upp á video.

Tillaga 12. (frá nefnd).

60. ársþing UMSK ..... beinir því til stjórnar UMSK að hlúa betur að sund-  
ípróttinni og reyna að hafa samband við sundkennara á sambandssvæðinu og út  
frá því halda skólasundmót UMSK með landsmót í huga.

Greinargerð:

Sund hefur hingað til verið veikasti hlekkur okkar í UMSK á landsmóti. Er því

kominn tími til að eitthvað verði hreyft í þessu máli.

Tillaga 13. (tillaga Eggerts Jóhannessonar).

60. ársþing UMSK ..... samþykkir að stjórn UMSK beiti sér fyrir því að koma á minni knattspyrnumóti kvenna að vori og hausti í þremur aldursflokkum.

Aldursskipting:

16 ára og eldri, 13 - 15 ára og 12 ára og yngri.

Leikið skal í 7 manna liðum, stærð valla skal miðast við knattspyrnuvelli fyrir minni knattspyrnu. Hverju liði sé heimilt að senda eins mörg lið og þau vilja.

Greinargerð frá nefndinni:

Nefndarmenn töldu heppilegra að miða þá aldursskiptingu sem notuð er hjá KSÍ.

Tillögurnar voru bornar upp eftir röð hver fyrir sig.

Tillaga 8 um ferð landsmótsfólks var samþykkt samhljóða.

Tillaga 9 um starfsreglur sérráða var samþykkt samhljóða.

Tillaga 10 um að UMSK sækir um landsmót 1990 samþykkt með öllum atkvæðum gegn 2,

Allar þessar tillögur voru bornar upp á nokkurra umræðna.

Tillaga 11 um upptöku á video þátttöku UMSK á landsmóti 1984.

Kristján Sveinbjörnsson kvaddi sér hljóðs og taldi að þetta væri mikið og dýrt fyrirtæki, en leist vel á að áhugamenn filmi.

Sveinn Jóhannsson kom með breytingartillögur sem í stað tekið upp á video komi um að gerð sé heimildarkvikmynd.

Var tillagan samþykkt með breytingartillögu Sveins og hljóðar svo í endanlegri mynd:

60. ársþing UMSK ..... samþykkir að skora á stjórn UMSK að láta gera heimildarmynd um þátttöku UMSK á 18. landsmóti UMFÍ næsta sumar.

Tillaga 12 um að hlúa betur að sundi innan UMSK var samþykkt samhljóða.

Tillaga 13 um kvennaknattspyrnu, var hún samþykkt samhljóða.

D. Álit fjárhagsnefndar. Framsögumaður var Sigmar Sigurðsson.

Tillaga 14. (8. tillaga frá stjórn UMSK).

60. ársþing UMSK..... samþykkir að hvetja aðildarfélagin til að sinna betur skipulagningu og sölu getraunaseðla.

Tillaga 15. Fjárhagsnefnd tók einnig fyrir tillögu stjórnar UMSK nr. 7 um félagsmála-

fræðslu.

Tillaga 16. (2. tillaga frá stjórn UMSK).

60. ársþing UMSK ..... samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði 20,-  
kr. á hvern gjaldskyldan féлага 1983.

Að lokum var lögð fyrir þingið fjárhagsáætlun fyrir árið 1984. Til grundvallar  
voru lagðir reikningar fyrra árs og hækkaðir upp um 45 %.

Tillögurnar voru lagðar fyrir hver fyrir sig og orðið gefið laust um þessar  
tillögur.

Voru þær allar samþykktar samhljóða án frekari umræðna.

Fleiri tillögur lágu ekki fyrir þinginu. Þingforseti þakkaði þingfulltrúum  
góð störf.

XII. Næsti liður á dagskrá voru kosningar.

Tillaga frá uppstillinganefnd:

Formaður: Kristján Sveinbjörnsson

Aðrir í stjórn: Sveinn Jóhannsson UBK  
Katrín Gunnarsdóttir Stjarnan  
Jóhannes Sveinbjörnss. Stjarnan  
Vilhjálmur Einarsson UBK

Varamenn: Páll Aðalsteinsson UMFA  
Kristinn G Jónsson Umf. Kjalnesinga  
Eiríkur Davíðsson Umf. Dreng.

Endurskoðendur: Steinhólr Pálsson UMFA  
Ingólfur Steindórsson UBK

Héraðsdómstóll: Sigurður Skarphéðinsson UMFA  
Albert H.N. Valdimarss. H.K.  
Margrét Bjarnadóttir Gerplu

Varamenn: Jón Ingi Ragnarsson UBK  
Eggert Jóhannesson í.K.

Aðrar tillögur komu ekki fram og var því sjálfkjörið samkvæmt tillögum uppstillinga-  
nefndar.

XII. Kristján Sveinbjörnsson kvaddi sér hljóðs og þakkadi traustið sem honum var sýnt með endurkjöri. Hann þakkadi fráfarandi stjórn vel unnin störf og baud nýja stjórnarmeðlimi velkomna.

Axel Jónsson steig í pontu og þakkadi fyrir gott þing. Hann þakkadi jafnframt fyrir það að stefnt skuli að því að UMSK haldi Landsmótið 1990. Hann var ánægður með störf UMSK og ráðstöfun á félagsmálaskyldinum ( sem er gjöf frá þeim hjónunum ). Hann þakkadi einnig fyrir starfið í Þrastaskógi og Sögu UMFÍ .

Óskaði Gerplu til hamingju með húsið, og Kópavogsbúum og öðrum UMSK félögum með Digranes. Árnaði nýkjörinni stjórn UMSK allra heilla og UMSK allra heilla um öll ókomin ár.

IV. Páll Adalsteinsson þingforseti þakkadi Axel hlý orð og óskaði honum og fjölskyldu hans allra heilla. Að tillögu hans var hér stungið inn í dagskrárlíðnum önnur mál.

Einar Sveinn framkvæmdastjóri UMSK kvaddi sér hljóðs og sagði m.a að sambandið yrði aldrei annað en það sem aðildarfélögin gera það að. Það er skipuleggjandi aðili og veitir aðstoð þegar leitað er eftir henni. Hann vonaðist eftir góðu samstarfi á komandi starfsári. Einar Sveinn bað um að fá greinargerð frá Gerplu - mönnum um breytingar á stjórn félagsins.

Sigurður Magnússon (Gerplu) tók þá til máls til að svara fyrirspurn Einars og kom þar m.a. fram í máli hans að hið eiginlega deildarskipulag hefði verið lagt niður. Nú ætti að taka af meiri festu á fjármálum og færa rekstur inn á skrifstofu aðalstjórnar. Í stað deilda koma fulltrúar sérverkefna. Þetta er tilraun, og eftir eitt ár mætti segja frá árangrinum. Sigurður þakkadi árangursríkt þing og þakkadi starfsmönnum þingsins vel unnin störf.

XV. Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs og kl. 17.50. sleit þingforseti Páll Adalsteinsson þinginu.

TILLÖGUR SAMÞYKKTAR Á 60. ÁRSPINGI UMSK.

Tillaga nr. 1.

60. ársþing UMSK samþykkir að plantað verði a.m.k. einni plöntu á hvern félagi í UMSK í samráði við skógræktarfélag á viðkomandi svæði.

Viðauki frá nefndinni:

Frankvæmdastjóra UMSK verði falið að framfylgja þessari samþykkt með því að stuðla að samstarfi milli ungmennafélaga og skógræktarféлага í hverju bæjar og sveitafélagi fyrir sig.

Tillaga nr. 2.

60. ársþing UMSK samþykkir að stjórn UMSK stuðli að skipan nefndar í viðkomandi sveitafélögum, sem kanni hvernig íþróttafélög og bæjarstjórnir ásamt skólayfirvöldum geti nýtt betur húsnæði og tækjakost sem fyrir hendi er til þess að samhæfa sem best notkun á mannvirkjum fyrir íþróttir og æskulýðsmál.

Tillaga nr. 3.

60. ársþing UMSK samþykkir:

- a) að gert verði verulegt átak í félagsmálafræðslu á sambandssvæðinu.
- b) að endurskoða námstilhögun á félagsmálafræðslu sambandsins.
- c) að reynt verði að gera félagsmálanámskeiðin áhugaverðari fyrir þátttakendur með því t.d. að halda námskeið í formi dags eða helgarferða út á land.

Tillaga nr. 4.

60. ársþing UMSK ..... þakkar sveitastjórnnum og sýslunefndum fyrir veittan stuðning síðustu ár og leggur til við sveitarfélögin að þau miði framlag sitt til UMSK 1985 við íbúafjölda, 12,- kr. á íbúa.

Tillaga nr. 5.

60. ársþing UMSK .... samþykkir að Göngudagur fjölskyldunnar verði 9. júní 1984.

Tillaga nr. 6.

60. ársþing UMSK samþykkir að halda áfram samvinnu við HSK um samkomu um



verslunarmannahelgina sem hlotið hefur nafnið " Gaukurinn ".

Tillaga nr. 7.

60. ársþing UMSK samþykkir að stjórn UMSK biði átekta með að fá nýtt skrifstofuhúsnæði, einnig hvetur þingið UMFÍ að ná samkomulagi um kaup húsnæðisins að Mjólnisholti 14, Reykjavík.

Tillaga nr. 8.

60. ársþing UMSK ..... beinir því til stjórnar UMSK að farin verði æfingaferð fyrir væntanlega keppendur á landsmóti. Ferð þessi verði farin síðustu helgina í júní.

Tillaga nr. 9.

60. ársþing UMSK ..... beinir því til stjórnar UMSK að þau útbúi sem fyrst starfsgrundvöll fyrir sérráðin með tilliti til ábyrgðar og framkvæmd móta. Einnig að stjórn UMSK stilli upp sérráðum.

Tillaga nr. 10.

60. ársþing UMSK ..... samþykkir að stefna áfram að því að landsmót UMFÍ verði haldið á svæði UMSK.

Tillaga nr. 11.

60. ársþing UMSK ..... samþykkir að skora á stjórn UMSK að láta gera heimildarmynd um þátttöku UMSK á 18. landsmóti UMFÍ næsta sumar.

Tillaga nr. 12.

60. ársþing UMSK .... beinir því til stjórnar UMSK að hlúa betur að sundíþróttinni og reyna að hafa samband við sundkennara á sambandssvæðinu og út frá því halda skólasundmót UMSK með landsmót í huga.

Tillaga nr. 13.

60. ársþing UMSK ..... samþykkir að stjórn UMSK beiti sér fyrir því að koma á minni knattspyrnumóti kvenna að vori og hausti í þremur aldurs-

flokkum.

Aldursskipting:

16 ára og eldri, 13 - 15 ára og 12 ára og yngri.

Leikið skal í 7 manna liðum, stærð valla skal miðast við knattspyrnuvelli fyrir minni knattspyrnu. Hverju liði sé heimilt að senda eins mörg lið og þau vilja.

Tillaga nr. 14.

60. ársþing UMSK ..... samþykkir að hvetja aðildarfélögin til að sinna betur skipulagningu og sölu getraunasedla.

Tillaga nr. 15.

Fjárhagsnefnd tók einnig fyrir tillögu stjórnar UMSK nr. 7 um félagsmálafræðslu.

Tillaga nr. 16.

60. ársþing UMSK ..... samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði 20,- kr á hvern gjaldskyldan félagi 1983.

Að lokum töldu nefndarmenn að gefa ætti fréttabréfið út eftir því sem efni er fyrir hendi.

Ályktun.

60. ársþing UMSK ..... aðildarfélögin vinni að og vekji athygli á markmiðum Alþjóðaárs æskunnar eins og frekast er unnt.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 1984.

<u>Gjöld.</u>			<u>Tekjur.</u>	
Stjórnunarkostnaður.	kr. 435.000	Framlög sveitarfélags	kr. 160.000	
Útgáfukost. fréttabr.	" 50.000	Framlög sýslusjóðs	" 100.000	
Kostn. v/sérráða	" 70.000	Útbreiðslustyrkur ísf	" 120.000	
Skattur til landssamt.	" 15.000	Skattur aðildarféлага	" 45.000	
Annar kostnaður	" 100.000	Eigin fjáraflanir	" 235.000	
<u>Samtals</u>	<u>kr. 670.000</u>	Vaxtatekjur	" 10.000	
		<u>Samtals</u>	<u>kr. 670.000</u>	

733 p.  
135 p.

868. p. 65